



Viðauki – meginforsendur

- Fjárhagsáætlun hvers árs er **bindandi ákvörðun** bæjarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal **fyrir fram samþykkis** bæjarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlunar. Bæjarstjóri, sviðstjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal **ekki gera til að leiðrétta** í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Ekki er heimilt að samþykkja **ný útgjöld í rekstri eða fjárfestingar**, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélags.
- Alltaf skal leitast við að **finna svigrúm** innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.
- Forsenda samþykktar á viðauka er að fram komi **hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð**. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar um ræðir svo bóka megi í viðauka.
- Bæjarstjórn setur **sérstakar reglur** sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Sama gildir jafnframt um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslu milli verkefna.

1. Tilgangur

Verklagsreglunum er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

2. Ábyrgð

- Forstöðumenn, sviðsstjórar og bæjarstjóri bera ábyrgð á því að fjárhagslyklar stofnanna og deilda sem undir þá heyra, fari ekki fram úr fjárheimildum.
- Forstöðumenn, sviðsstjórar og bæjarstjóri bera ábyrgð á að tillögur að viðauka séu gerðar og lagðar fyrir bæjarráð.
- Bæjarstjórn er ein til þess bær að samþykkja viðauka. Á meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi telst bæjarráð bært til þess að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun ef slíkt tilefni kemur upp. Ef um er að ræða grundvallarbreytingar á fjárhagsáætlun er hyggilegra að kalla bæjarstjórn saman til aukafundar til að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun.

3. Framkvæmd

3.1 Hvenær er tilefni til gerð viðauka?

Þegar teknar eru hvers kyns ákvarðanir um samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki rúmast innan fjárheimildar gildandi fjárhagsáætlunar, ber að gera viðauka. Með öðrum orðum ber að gera viðauka vegna útgjalda sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, gjöldum, fjárfestingu eða skuldbindingum í gildandi fjárhagsáætlun.

Dæmi um nauðsyn þess að gera viðauka er ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsmanna, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða tilfærslur á milli liða í fjárhagsáætlun. Viðauki þarf að innihalda útfærða ákvörðun um það hvernig breyttum fjárheimildum, þ.e.a.s. þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir, verði mætt.

Með tillögu um viðauka þarf að fylgja minnisblað/gögn um tillöguna, samning eða fjárhagslega ráðstöfun sem um ræðir eða lagt er til að verði farið í, og hvaða áhrif hún hafi á samþykktu fjárhagsáætlun. Þetta er á ábyrgð viðkomandi sviðsstjóra sem málið snertir.

Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarstaðar. Ekki er þörf á að gera viðauka ef fjárhæð hans er undir lágmarksmörkum bæjarstjórnar eða svigrúm er innan viðkomandi deildar. Alltaf þarf að gera viðauka ef ráðstöfunin snertir fleiri deildir.

Viðaukinn ásamt fylgigögnum skal fá eina umræðu í bæjarráði áður en hann er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Bæjarstjórn setur sérstakar reglur sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Þetta á jafnframt við um fjárfestingu og tilfærslu milli verkefna. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn lágmarksmörk fjárhæðar sem leita þarf samþykki fyrir með viðauka.

3.2 Hvenær er ekki tilefni til gerð viðauka?

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til. Mælst er til að útgjöld eða fjárfesting sem stofnað er til utan fjárheimildar og ekki að undangengnum viðauka, séu sett á dagskrá bæjarstjórnar og bókað sérstaklega. Bæjarstjórn hefur þannig vitneskju um ástæður þess að tiltekinn útgjöld eða fjárfesting séu umfram fjárhagsáætlun og getur þannig sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart fjármálunum. Leiðréttingar á fjárhagsáætlun með gerð viðauka undir lok árs, vegna útgjalda eða fjárfestinga sem stofnað hefur verið til án samþykkis bæjarstjórnar, samræmast þannig ekki reglum um viðauka. Slíkar samþykktir þjóna ekki tilgangi laganna um fyrir fram samþykki bæjarstjórnar vegna breytinga á samþykktu fjárhagsáætlun.

3.3 Frumdrög að viðauka lögð fyrir bæjarráð

Tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun ásamt minnisblaði/viðaukaformi þarf að leggja fyrir fund bæjarráðs til afgreiðslu. Gæta þarf að skýrt komi fram í bókun um eðli breytinga, hver fjárhagsleg áhrifin eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Leggi bæjarráð til að frumdögum viðaukans verði breytt skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst.

3.4 Viðauki við fjárhagsáætlun lagður fyrir bæjarstjórn

Þegar bæjarráð hefur samþykkt viðauka og vísað til bæjarstjórnar skal bæjarstjóri eða staðgengill hans koma með tillögu að viðaukanum og fylgigögnum til fjármálastjóra. Fjármálastjóri útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir hafi það ekki nú þegar verið gert. Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur er tilkynning þess efnis send fjármálastjóra og fjárhagsáætlun uppfærð.

3.5 Senda Hagstofu

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofunni innan 15 daga frá afgreiðslu. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að það sér gert.

4. Lög og reglur

Um gerð viðauka er fjallað í 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem ber yfirskriftina *Bindandi áhrif fjárhagsáætlunar*. Þar segir, „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr.

nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.“

Í reglugerð nr. 792/2017 (1212/2015) er jafnframt fjallað um gerð viðauka og tilskilin form.

5. Sérreglur bæjastjórnar Ísafjarðarbæjar

5.1 Launakostnaður

Allar breytingar á stöðugildum starfsmanna eða nefndarmanna þarf að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Ef forstöðumaður eða sviðsstjóri vill leggja til tilfærslu á milli launakostnaðar og rekstrarkostnaðar þá skal leggja tillögu að því fyrir bæjarráð, ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykktu fjárhagsáætlun. Óheimilt er að gera breytingar á stöðugildum eða breytingar á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar án samþykkis bæjarstjórnar.

Ef bæjarráð samþykkir að gerður sé viðauki við launaáætlun skal senda upplýsingar á deildarstjóra launa (nafn starfsmanns eða sambærilegs starfsmanns, hlutfall stöðugildis, starfanúmer og upplýsingar um tímabil), hafi það ekki áður verið gert, og reiknar hann áhrif breytinganna og sendir fjármálastjóra gögnin sundurliðuð niður á lykla og mánuði. Fjármálastjóri útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir og leggur viðaukann ásamt fylgigögnum fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

5.2 Rekstrarkostnaður og tilfærslur milli deilda

Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflökks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarstaðar. Ekki er þörf á að gera viðauka ef fjárhæð hans er undir 1 milljón króna og svigrúm er innan viðkomandi deildar. Alltaf þarf að gera viðauka ef ráðstöfunin snertir fleiri deildir eða ef hún rúmast ekki innan viðkomandi deildar.

5.3 Fjárfestingar og eftirlit með framvindu

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins liggur fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni framkvæmdaráætlunar sem flokkast í reikningsskilum sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Framganga þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins með viðaukum skal leggja ársfjórðungslega fyrir bæjarráð til að kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka. Leggja þarf fram yfirlit um stöðu einstaka verkefna í lok hvers ársfjórðungs (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagðan útlagðan kostnað, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu og mat á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild.

Skipulags- og mannvirkjanefnd eða hafnarstjórn, þar sem það á við, er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun án samþykkis bæjarstjórnar, svo fremi að um sé að ræða verkefni sem nú þegar er á áætlun og að breytingin nemi ekki hærri fjárhæð en 5 milljónum króna og rúmist innan áður samþykktar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun ársins. Sé fjárhæð tilfærslu milli verkefna yfir 5 milljónum króna fer sú tillaga frá skipulags- og mannvirkjanefnd / hafnarstjórn til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði og síðan til samþykktar í bæjarstjórn.

Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykktar fjárhæðar eða eru yfir viðmiðum um tilfærslu á milli verkefna í fjárfestingaráætlun, skal gera viðauka fyrir.

6. Form

6.1 Beiðni um viðauka

Í reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er að finna ákvæði um gerð viðauka við fjárhagsáætlun og form þeirra. Gerð er þar krafa um að viðauki við fjárhagsáætlun innihaldi útfærða ákvörðun um hvernig viðauka er mætt, mála-flokkayfirlit, rekstrarreikningi, sjóðsstreymi og fjárfestingu (ef við á).

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að fylla út yfirlit um fjárhagslega ráðstafanir í samræmi við eftirfarandi viðaukaform sem bæjarstjóri, sviðsstjóri eða forstöðumaður ber ábyrgð á að fyllt sé út og sent sé á fjármálastjóra.

Ísafjarðarbær



Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2020

Dagsetning: 1.3.2020

Umbeðið af: Edda María Hagalín, fjármálastjóri

Viðauki númer: 01 - 2020_MV

Verkefni: Verklagsreglur viðauka

Málsnúmer 2018-01-0082

Mfl.-deild	Fjárh.lykill	Heiti fjárh.lykils	Tegund	Upphæð var	Upph. verður	Breyting	Skýringar
27100	4991	Önnur aðkeypt þjónusta	Gjöld	14.000.000	7.000.000	7.000.000	Ófyrirséðu kostnaður lækkaður
21400	4371	Önnur sérfr.þj. m. ekr. vsk	Gjöld	6.500.000	13.500.000	-7.000.000	Ráðgjöf v. viðauka
Samtals breyting				20.500.000	20.500.000	0	

Skýring:

Leitað hefur verið til Jón Jónssonar, hagfræðings, um það verkefni að gera ítarlega úttekt á verklagsreglum viðauka ásamt því að gera tillögur til úrbóta. Verkefnið kostar kr. 7.000.000,-.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0,- eða óbreytt afkoma í kr. 50.000.000.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0,- eða óbreytt afkoma kr. 100.000.000,-.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 2. apríl 2020.